

# Hreinn ávinningur



Hvað er að græða  
á umhverfisstarfi fyrirtækja?

Ráðstefna á Grand Hótel miðvikudaginn 28. september 2005

Opnunarávarp Ara Edwald, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, kl. 8:30.

Ráðherra, góðir gestir.

Það er ánægjulegt að sjá hversu margir eru mættir hér í dag til að kynna sér *hreinan ávinning* af umhverfisstarfi fyrirtækja, enda af nægu að taka. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim sem hafa unnið að undirbúningi þessarar ráðstefnu fyrir gott starf.

Hvað er að græða á umhverfisstarfi fyrirtækja er spurt? Því er til að svara – *mikið* og sá gróði er dýrmætur.

Á síðustu árum og áratugum má segja að bylting hafi orðið á viðhorfum fólks og fyrirtækja til umhverfismála. Framfarirnar hafa verið miklar, fyrirtæki taka meiri ábyrgð á umhverfi sínu en áður, mengun frá atvinnustarfsemi hefur minnkað og öryggi á vinnustöðum hefur aukist.

Við höfum náð *miklum* árangri á sviði umhverfismála, þó svo að sá árangur fari ekki alltaf hátt, en fullyrða má að umgengni fyrirtækja við náttúru landsins, auðlindir og umhverfi, hafi tekið stakkaskiptum á síðustu áratugum.

Umtalsverður árangur hefur náðst vegna frumkvæðis fyrirtækjanna sjálfra og vegna almennra viðhorfsbreytinga. Alþjóðlegar reglur og skuldbindingar hafa jafnframt hvatt til umbóta ásamt stefnumörkun stjórnvalda. Fyrirtækin hafa bætt umhverfi sitt og nýtingu aðfanga og njóta með því aukins efnahagslegs ávinnings sem kemur bæði starfsmönnum og samfélaginu í heild til góða.

**Sjálfbær þróun – nýting auðlinda**

Íslendingum er í blóð borið að lifa á landsins gagni og nauðsynjum og það er okkur lífsnauðsynlegt. Fáar ef nokkrar þjóðir hafa meiri reynslu en við af sjálfbærri nýtingu endurnýtanlegra orkugjafa. Sjómenn sem ganga of nærri fiskistofnunum hætta að róa og uppskera hjá bónda sem gengur of nærri landi sínu, verður rýr. Þetta vitum við og því er mikilvægt að hlúa áfram að stöðum sjálfbærrar þróunar til

að velferð í landinu verði tryggð. Jafnvægi þarf að ríkja á milli efnahagslegra og félagslegra sjónarmiða og umhverfisins í hefðbundnum skilningi.

Atvinnulífið hefur í áranna rás tekið ábyrga afstöðu til sjálfbærrar nýtingar auðlinda og stuðlað að því að viðhalda jákvæðri ímynd Íslands um náttúru og hreinleika. Nýting fiskveiðiauðlindarinnar er gott dæmi um þetta.

Fiskistofnar okkar Íslendinga eru gríðarlega verðmætir og það er ekki síst vegna þess að við höfum verndað þá og byggt upp með markvissu umhverfisstarfi.

Staðfesting á þessu birtist raunar í fréttum í síðustu viku þegar greint var frá því að franska stórmarkaðakeðjan Carrefour væri að hefja átak til að kynna íslenskan fisk sem sérstaka gæðavöru, en einn stjórnanda Carrefour sagði að forsendan fyrir því væri að Íslendingar væru með “besta fiskveiðistjórnunarkerfi heims.” Þetta er *hreinn ávinningur* af umhverfisstarfi íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og afrakstur af ábyrgri nýtingu á fiskveiðiauðlindinni. Þeir völdu íslenskan fisk vegna þess að þeir eru vissir um að geta haft aðgang að honum – ferskri gæðavöru – um ókomin ár. Hreinn ávinningur.

Sjávarútvegsfyrirtækin eru ekki ein um að sinna öflugum umhverfisstarfi, hér á eftir fáum við að heyra af því hvernig hægt er að spara fjármuni með því að keyra fólksflutningsbíla á hagkvæman hátt og hvernig hægt er að laða ferðamenn til landsins með sjálfbærri ferðaþjónustu. Við fáum einnig að heyra hvernig er hægt að lækka fjármagnskostnað vegna ábyrgar umhverfisstefnu, við fáum að heyra af umhverfisstarfi Alcan og svona mætti lengi telja. Umhverfisstarf er stundað á öllum sviðum atvinnulífsins.

## Staða mála í dag – og hvað þarf að gera

Það er hægt að græða á umhverfisstarfi – mörg fyrirtæki gera það – en hversu auðvelt er það? Eru einhverjar hindranir á veginum? Já, Samtök atvinnulífsins telja það.

Samtökin hafa bent á að það sé tímabært að endurskoða eftirlitskerfi hins opinbera og leyfisveitingar frá grunni. Það er gríðarlega mikilvægt. Í dag er þetta kerfi allt of flókið og íþyngjandi og of dýrt í framkvæmd.

Það er rétt að taka fram að það er ekki verið að fara fram á afslátt af efnislegum kröfum. Hið opinbera mun áfram sjá um að móta kröfur og fylgja eftir að þeim verði hrint í framkvæmd. Engin ástæða er hins vegar til að opinberir embættismenn séu á ferðinni úti í fyrirtækjunum. Í sjávarútvegi eru það faggiltar skoðunarstofur sem starfa á markaði sem sjá um að fylgja kröfunum eftir en Fiskistofa hefur yfirumsjón með eftirlitinu. Sama á auðveldlega að geta gilt um eftirlit undir yfirstjórn umhverfisráðuneytisins. Eins er unnt að fækka verulega

eftirlitsheimsóknum með því að fylgjast með innra eftirliti rafrænt. Unnt er að hagræða í eftirlitinu með því að gera úrtaksskoðanir sem geta gefið mjög góða mynd af ástandinu í heilum atvinnugreinum en í mörgum tilvikum er engin nauðyn á reglubundnum heimsóknum í fyrirtækin.

Það er afar mikilvægt að eftirlit með atvinnurekstri verði fært frá sveitarfélögunum sem eru á mörgum sviðum í samkeppni við annan atvinnurekstur og fá að hafa eftirlit með sjálfum sér. Eins hefur reynslan sýnt að sveitarfélögin hafa nýtt gjaldtökuheimildir sínar ótæpilega. Algengt er að þau innheimti 7000 kr á tímann fyrir eftirlitsmann sem samsvarar mánaðarlaunum að upphæð um 1200 þúsund krónur og er augljóslega ekki í neinu samhengi við kostnað sem tengist starfi mannsins. Loks er það sjálfstætt vandamál, og í raun algerlega ótækt, að opinbert eftirlit með starfsemi fyrirtækja sé framkvæmt með mismunandi hætti eftir því hvar fyrirtæki eða einstakar starfsstöðvar eru staðsett á landinu.

Mikilvægt er að umbuna fyrirtækjum sem sinna góðu og þróttmiklu umhverfisstarfi með virku innra eftirlit. Það er t.d. ástæðulaust að veitingastaður með langa rekstrarsögu og gott orðspor þurfi að sæta umfangsmiklu opinberu eftirliti. Viðskiptavinirnir sem koma aftur og aftur sinna besta eftirlitinu. Vilji yfirvöld síðan á einhverjum tímapunkti kanna gæði innra eftirlits staðarins má gera það með stikkprufum. SA telja því rétt að fyrirtækjum sem sinna öflugum innra eftirliti sé umbunað. Í stað þess að skoða öll fyrirtæki með jöfnum og takmörkuðum hætti, ættu eftirlitsaðilar að leggja mat á það hvar hættan er mest og einbeita sér aðallega að þeim áhættuþáttum.

Samtök atvinnulífsins hafa kynnt stjórnvöldum ítarlegar tillögur í þessa veru og í ræðu sinni á aðalfundi SA tók forsætisráðherra undir þær þegar hann sagði: „*Einn þáttur til að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs er að lágmarka umfang opinbers eftirlits, einfalda það og tryggja samræmda framkvæmd eins og framast er unnt. Að þessu er unnið í helstu samkeppnislöndum okkar og brýnt er að við séum þar engir eftirbátar.*” Forsætisráðherra nefndi einnig góðan árangur við að færa eftirlit til sjálfstæðra, faggiltra skoðunarstofa. Samtök atvinnulífsins vænta þess að umhverfisráðuneytið muni á næstunni sýna frumkvæði í þessum málum og eru Samtökin boðin og búin til samstarfs um það verkefni.

Það er krafa atvinnulífsins að stjórnvöld geri sitt til að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að sinna áfram umhverfisstarfi og efla það enn frekar og felli niður nú þegar þær hindranir sem standa í vegi fyrir því að svo megi verða. Þar skiptir mestu að dregið verði úr utanaðkomandi og íþyngjandi eftirliti með starfsemi fyrirtækja sem halda úti virku innra eftirliti, að áhersla verði lögð á samræmda framkvæmd slíks utanaðkomandi eftirlits og að framkvæmd þess verði sem frekast er unnt flutt til faggiltra skoðunarstofa sem geta þá hugsanlega sameinað ólíkar tegundir eftirlits í eina og gert úrtaksskoðanir.

Verði það gert munu fyrirtækin okkar ná enn betri árangri en í dag - hagsæld lands og þjóðar mun aukast.

**Góðir gestir,**

**Framundan eru spennandi tímar og hér á ráðstefnunni eru framundan spennandi erindi – reynslusögur fyrirtækja af hreinum ávinningi af umhverfisstarfi. Utan þessara veggja eru íslensk fyrirtæki að vinna hörðum höndum að því að bæta umhverfi sitt, framleiða betri og öruggari vörur og þjónustu sem menga minna og stuðla að aukinni hagsæld.**

**Við erum á réttri leið og ég vona að þið verðið margs vísari hér í dag – að koma ykkar hingað muni skila ykkur hreinum ávinningi.**